

Húsavík 24/3/10

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsagnir um lagafrumvörp

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands hafði til umfjöllunar á 60. fundi sínum þann 16. mars s.l. frumvörp til nýrra skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir. Eftirfarandi var þar fært til bókar:

Alþingi, 425., 426. og 427. mál til umsagnar (201003037)

Óskað er umsagna um frumvarp til nýrra skipulagslaga, laga um mannvirki og laga um brunavarnir.

3.1: Frumvarp til skipulagslaga:

1. Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands leggst gegn hugmyndum um yfirfærslu skipulagsvalds sveitarstjórnar til ríkisins eins og virðist opnast fyrir með ákvæðum 10. og 11. gr. laganna sem fjalla um landskipulag. Nefndin fellst á að ákveðnar stefnur eigi að vinna á landsvísu s.s. samgöngur ofl. en telur orðalag 2. mgr. 10 gr. of opið þar sem segir 'Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflökka sem varða landnotkun...'

2. Fyrirsögn 20. gr. fjallar m.a. um gjald fyrir skipulagsvinnu, en greinin sjálf nefnir ekki gjaldtöku vegna skipulagsvinnu. Nefndin telur rétt að gjaldtökuheimildir vegna skipulagsvinnu séu skýrar. Aðrar athugasemdir hefur nefndin ekki á þessu stigi við frumvarpið.

3.2: Frumvarp til laga um mannvirki:

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

X 3.3: Frumvarp til laga um brunavarnir:

Skipulags- og byggingarnefnd Norðurlands Norðurlands gerir ekki athugasemd við frumvarpið.

Sveitarstjórn Norðurlands Norðurlands fjallaði um þessar afgreiðslur skipulags- og byggingarnefndar á fundi sínum þann 23. mars og tók undir þessi sjónarmið nefndarinnar með eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Norðurlands Norðurlands leggst gegn hugmyndum um yfirfærslu skipulagsvalds sveitarstjórnar til ríkisins eins og virðist opnast fyrir með ákvæðum 10. og 11. gr. laganna sem fjalla um landskipulag. Sveitarstjórn fellst á að ákveðnar stefnur eigi að vinna á landsvísu s.s. samgöngur ofl. en telur orðalag 2. mgr. 10 gr. of opið þar sem segir 'Í landsskipulagsstefnu eru samþættar áætlanir opinberra aðila um

samgöngur, byggðamál, náttúruvernd, orkunýtingu og aðra málaflokka sem varða landnotkun...!

Frekari athugasemdir/ábendingar undirritaðs við lagafrumvarp um ný skipulagslög:

Við frekari lestur frumvarps til skipulagslaga vill undirritaður benda á að misræmi virðist vera milli greinargerðar og lagagreina um endanlega afgreiðslu aðal- og svæðisskipulagstillagna. Þannig segir í 22. gr. frumvarpsins að svæðisskipulag sé háð staðfestingu umhverfissráðherra og í þeim anda er einnig 4 mgr. 25. gr. sem segir að skipulagsstofnun skuli gera tillögu til ráðherra um staðfestingu eða synjun skipulagstillögunnar. Engin sérákvæði eru um breytingar svæðisskipulagstillögu, heldur vísað í sömu lagagreinar. Samsvarandi ákvæði eru um aðalskipulag í greinum 29 og 32 og svo sérákvæði um ferli vegna „óverulegrar“ breytingar á aðalskipulagi í gr. 36. Hinsvegar segir í IV kafla greinargerðar, 2. mgr. Að lagt sé til „að Skipulagsstofnun sé falið það hlutverk að staðfesta svæðis- og aðalskipulagstillögur í stað umhverfissráðherra. Þó er gert ráð fyrir staðfestingu umhverfissráðherra í ákveðnum tilvikum.“ Ég fann ekki hvaða „ákveðnu tilvik“ væri um að ræða enda virðist á lagagreinum að ráðherra staðfesti öll svæðis- og aðalskipulög nema um sé að ræða „óverulegar“ breytingar á eldri aðalskipulögum (36.gr.)! Undirritaður telur það framfaraskref að láta Skipulagsstofnun annast staðfestingu breytingar skipulagstillögu, en skýrt þarf að vera í hvaða tilvikum skipulagstillögur fara til ráðherra.

Brýnt virðist vera að setja umhverfissráðherra tímamörk til staðfestingar aðal- og svæðisskipulagstillagna, en slík ákvæði blasa ekki við í lagagreinum.

Í 52. gr. er fjallað um úrskurðarnefnd og nefndinni tilgreindir rýmri tímafrestrir en gert var í fyrri lögum (sex mánuðir í stað þriggja). Reynslan hefur sýnt okkur að úrskurðir nefndarinnar hafa ank í mörgum tilvikum dregist langt umfram löggilta 3 mánuði og reyndar langt umfram tillagða 6 mánuði. Oft er um að ræða mikla hagsmuni aðila í þeim málum sem fara til úrskurðarnefndar og því brýnt að tryggja sem mestan afgreiðsluhraða nefndarinnar og æskilegast að staðið yrði við eldri ákvæði um 3 mánuði.

Virðingarfyllst;

Gaukur Hjartarson
Skipulags- og byggingarfulltrúi